

Skýrsla stjórnar til aðalfundar Grímshaga/Hvanneyrarbúsins ehf.

Hvanneyri 11. ágúst 2015

Kosin var ný stjórn á framhaldsaðalfundi 7. október 2014 og er þetta skýrsla hennar. Frá þeim tíma hafa verið haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir;

6. nóvember 2014

16.-24. desember 2014 (*per capsulam*)

17. febrúar 2015

21. apríl 2015

Þá hafa stjórnarmenn átt tíð samskipti milli stjórnarfunda með tölvupósti og í síma til að ræða málefni sem varða félagið.

Allt frá upphafi hefur rekstrarafkoma félagsins verið óviðunandi og megin markmið Lbhí með stofnun Grímshaga hefur ekki náðst sem var „að reka kennslu- og rannsóknarbú í hæsta gæðaflokki fyrir starfssemi skólans.“ Þá hefur búrekstur Grímshaga, bæði á Hesti og á Hvanneyri, legið undir vaxandi gagnrýni úr nærumhverfinu fyrir slæga búskaparhætti og búreksturinn hefur ekki nýst sem skildi í skólastarfinu. Það sem blasti við var félag á barmi gjaldþrots og rúið trúverðugleika. Uppstokkun með það að markmiði að endurreisa félagið á nýjum grunni var því óumflýjanleg. Frá lokum síðasta árs (2014) hefur stjórnin átt náð samstarf við yfirstjórn Lbhí við að hrinda af stað aðgerðaráætlun til að bæta rekstrarafkomu og ásýnd búrekstrar sem er á ábyrgð Lbhí. Stjórnin hefur fundið fyrir mikilli samstöðu og stuðningi hjá stjórn Lbhí og í nærumhverfinu með þessi áform sem stefna að efnahagslega sjálfstæðum búrekstri á Hvanneyri í þágu rannsókna og kennslu á vegum Lbhí.

1. Landbúnaðarháskóli Íslands sagði upp samstarfssamningi sínum við Grímshaga um áramótin 2014/2015 og tók uppsögnin gildi 1. júlí 2015. Unnið er að gerð nýs samnings við félagið um búreksturinn og rekstur á kennsluáðstöðu í fjósi og á ræktarlandi á Hvanneyri.

2. Öllum 5 starfsmönnum Grímshaga var sagt upp störfum 1. apríl 2015 með þriggja mánaða fyrirvara nema hjá Þorkeli Þórðarsyni sem var með 6 mánaða uppsagnarfrest. Í stað þeirra voru ráðnir Egill Gunnarsson bústjóri og Hafþór Finnbogason fjósameistari. Auk þess var Jóhannes Kristjánsson ráðinn tímabundið til sumarstarfa. Vegna þessara mannaáráðninga og samtímis launauppgjörs við fyrrverandi starfsmenn eru launaútgjöld í hámarki þegar þetta er skrifað en þau munu ná jafnvægi um miðjan september.

3. Félagið hætti rekstri fjárbúsins á Hesti og Mávahlíð frá og með 1. júní 2015. Það tók þátt í að ráða og semja við nýja leiguliða og samstarfsaðila Lbhí að Hesti og Mávahlíð og gekk það farsællega. Enn er þó eftir að skrifa undir samninga þar sem beðið er eftir endanlegri úttektarskýrslu matsmanna á ástandi jarðanna og byggingum þeirra.

4. Gerð var rekstraráætlun fyrir Hvanneyrarbúið af Runólfi Sigursveinssyni hjá RML sem sýnir að það hefur traustan rekstrargrunn svo fremi sem takist að semja um eldri skuldir félagsins með sérstökum hætti. Samkomulag hefur náðst við yfirstjórn Lbhí og fráfarandi framkvæmdastjóra um hvernig það verður gert. Í framhaldinu var gerð fjárfestingaráætlun vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á véla- og tækjakosti búsins. Alls hefur verið fjárfest í nýjum tækjum fyrir um 21 milljón króna og seldar vélar fyrir 10,3 milljónir króna. Tækin eru fjármögnuð með kaupleigu hjá Landsbankanum.

5. Mikið ólag var á innheimtu tekna vegna leigu á aðstöðu, heysölu o.fl. Gert hefur verið átak í að laga það. Gerð var réttarsátt við Hestavini í Þórulág sem skulduðu félaginu um 2 milljónir króna. Réttarsáttin er þó enn óundirrituð af þeim sem þar eru í forsvari. Samþykkt var að skuld Óskars í Krossi upp á um 200 þúsund krónur yrði gerð upp með 60 rúllum sem hafa skilað sér á Hvanneyri. Aðrar skuldir eru komnar í innheimtu með eðlilegum hætti.


6. Stjórnin samþykkti að breyta nafni félagsins frá og með 1. júlí og hefur það fengið nafnið Hvanneyrabúið ehf.

7. Vegna þessara miklu breytinga á rekstri hefur stjórnin uppfært samþykktir og starfsreglur félagsins sem verða lagðar fram á aðalfundi til umræðu og samþykktar.


Ársreikningur Grímshaga 2014

Tafir urðu á að loka ársreikningi Grímshaga vegna þess að þeir stóðust ekki skoðun stjórnar. Það hefur verið lagað en enn á eftir að fá fullnægjandi skýringar frá fyrrverandi framkvæmdastjóra á skuldum félagsins við lífeyrissjóði og stéttarfélög starfsmanna.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2014 að fjárhæð 6,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og jókst heldur frá árinu á undan.



Eigið fé félagsins hélt áfram að minnka og var í árslok um 7,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.



f.h. stjórnar

Þóroddur Sveinsson